


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ	Áfangaheiti (ENSK1OM3)	
Síða 1 af 3	Námsáætlun haustönn 2016	

Kennari	Jónína Margrét Guðbjartsdóttir (jonina@vma.is)	Sk.st.	JMG
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru undirstöðuatriði í ensku rifuð upp svo að nemandi geti tekist á við nám í faginu á framhaldsskólastigi. Unnið með markvissar málfræði- og orðaforðaæfingar. Áhersla er lögð á lestur texta, bæði einfalda bókmenntatexta og texta almenns eðlis. Skilningur á töluðu máli er þjálfður með hlustun á rauntexta. Nemandinn er þjálfður í að tjá sig með viðeigandi orðalagi um almenn efni á ensku. Ritun er þjálfuð með fjölbreyttum æfingum þar sem áhersla er lögð á að skrifa texta á skipulagðan hátt eftir viðeigandi reglum.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu grunnreglum í enskri málfræði
- algengustu orðum tungumálsins
- almennum rauntextum og einföldum bókmenntatextum
- almennu talmáli í samtölum, útvarpi og sjónvarpi

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- beita grunnreglum enskrar málfræði í tali og ritun
- skrifa stuttan samfelldan texta með viðeigandi uppsetningu
- hlusta eftir upplýsingum, bæði í samtali sem og útvarps- eða sjónvarpsefni
- geta fylgt eftir og tekið þátt í einföldum samræðum
- tjá sig um almenn málefni með viðeigandi orðalagi, munnlega og skriflega
- lesa almenna texta og einfalda bókmenntatexta
- byggja upp og bæta við orðaforða sinn með mismunandi aðferðum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á fjölbreyttan hátt með almenna rauntexta og einfalda bókmenntatexta
- nýta orðaforða sinn á skýran og skilmerkilegan hátt í tal- og ritmáli
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í tali og ritun
- beita virkri hlustun, skilja inntak samræðna sem og útvarps- og sjónvarpsefnis
- taka þátt í umræðum á ensku um það efni sem fjallað er um hverju sinni
- sýna frumkvæði, sjálfstæði í upplýsingaöflun, úrvinnslu upplýsinga og uppsetningu verkefna sem tengjast áhugasviði.

Námsgögn:

English for Revision ENSK1OM3 (fæst á skrifstofu VMA).
Ýmis gögn sem kennari leggur til hverju sinni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Áfangaheiti (ENSK1OM3) Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Áætlun um yfirferð:


Vika	Efni
33 15.-19. ágúst	Kynning og almenn upprifjun á áfanganum.
34-36 22.ág.- 9.sept.	Kafli 1 í <i>English for Revision</i> - ENSK1OM3 (EfR), lestur, ritun og málfræði (ákveðinn og óákveðinn greinir) auk hlustunarefnis. Ritunarverkefni 1.
37-39 12.-30. sept.	Kafla 2 í EfR, lestur, ritun og málfræði (persónufornöfn, afturbeygð fornöfn, sögnin 'to do' í nútíð og þátíð). Kaflapróf úr köflum 1 og 2 í EfR.
40-41 3.-14. okt.	Þemaverkefni: Nemendur vinna saman í hópum og eru með ferðaskrifstofu. Verkefnalýsing inn á moodle
42-44 17.okt.-4. nóv.	Kafli 3 í EfR, lestur, ritun og málfræði (einföld og samsett nútíð) auk hlustunarefnis. Ritunarverkefni 2. Hlustunarverkefni.
45-47 7. -25. nóv.	Kafli 4 í EfR, lestur, ritun og málfræði (eintala og fleirtala nafnorða, teljanleg og óteljanleg nafnorð) auk hlustunarefnis. Munnlegt próf. Ritunarverkefni 3.
48 28.nóv.-2. des.	Upprifjun og lokaskil

Verkefni:

Ýmiss verkefni verða unnin í tímum og heima. Mikil áhersla er lögð á virkni og vinnusemi nemenda í tímum. Próf verður úr bókinni *English for Revision* - ENSK1OM3 (EfR) sem byggir á málfræði og orðaforða. Einnig verða þrjú ritunarverkefni gerð heima og/eða í tímum. Auk þess verður lagt fyrir hlustunarverkefni í tíma. Eitt munnlegt próf verður í lok annar. Eitt stórt hópverkefni/þemaverkefni verður á miðri önn og verður það að stærstum hluta unnið í tímum.


Námsmat og vægi námsþátta:


Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
------------------	---	--	---------------------------------------

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Áfangaheiti (ENSK10M03) Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Kaflapróf	kaflapróf	10%
Þemaverkefni	Ferðaskrifstofa: kynning, bæklingar, auglýsingar og skýrsla. Jafningjamat (25%), sjálfsmat (25%) og kennaramat (50%)	35%
Ritun	Þrjú ritunarverkefni: kvikmyndarýni (7,5%), áhugasvið (7,5%) og barnabók (10%)	25%
Munnlegt próf	Munnlegt próf úr efni annarinnar	15%
Hlustun	hlustunarverkefni (5%)	5%
Vinnueinkunn	Virgni, þátttaka og vinna í tímum og dagbók	10%
	Samtals:	100%
Annað:		

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn en mikilvægt er að nemendur skili öllum verkefnum. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara.

Dagsetning: 10.11.2016

 Undirritun kennara


 Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

